

Samþykktir fyrir FHL íþróttafélag

1. gr.

Félagið heitir FHL íþróttafélag.

2. gr.

Tilgangur félagsins er íþróttastarfsemi og tengd mál. Megintilgangur felst í rekstri knattspyrnuliðs í meistaraflokki kvenna og 2. flokki kvenna hjá aðildarfélögum. Félagið er óhagnaðardrifið og þjónar eingöngu umræddu markmiði fyrir íþrótt- og ungmennafélögin, sem að því standa.

3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að því að halda úti keppnisliði í meistaraflokki kvenna í knattspyrnu, og 2. flokki kvenna, með samstarfi aðildarfélaganna.

4. gr.

Félagsaðild. Aðilar að félaginu eru: **Höttur rekstrarfélag ehf., kt. 630205-0930 (hér eftir RH) og Knattspyrnufélag Austfjarða, kt. 510522-1680 (hér eftir KFA).**

Stofnendur félagsins voru Höttur rekstrarfélag ehf., kt. 630205-0930 (RH), Knattspyrnufélag Fjarðabyggðar, kt. 480702-3010 (KFF) og Knattspyrnudeild UMF Leiknis, kt. 480589-2549 (Leiknir). Síðar dró Knattspyrnudeild UMF Leiknis sig út úr samstarfinu og tóku hin tvö félögin við réttindum og skyldum þess samkvæmt samþykktum þessum. Síðan tók Knattspyrnufélag Austfjarða tók við réttindum og skyldum Knattspyrnufélags Fjarðabyggðar samkvæmt samþykktum þessum.

Aðilar að félaginu geta einungis orðið önnur íþrótt- og ungmennafélög á félagssvæði UÍA (Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands).

5. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn í aðildarfélögum hafa seturétt á aðalfundum.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. nóvember ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Formaður setur fund og kannar lögmæti fundar, m.a. hvort gerð sé athugasemd við fundarboðun
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar lögð fram
4. Reikningar lagðir fram til samþykktar
5. Rekstraráætlun næsta árs lögð fram til samþykktar
6. Breytingar á samþykktum þessum. Tillögu um breytingar á samþykktum skal kynna eigi síðar en viku fyrir fund.
7. Ákvörðun félagsgjalds
8. Kosning stjórnar
9. Önnur mál

7. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum, formanni og 4 meðstjórnendum. Aðildarfélögin skipa alla stjórnarmenn. Stjórn skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

8. gr.

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu ekki innheimt nema þörf krefji en fjármagna skal reksturinn með styrkjum og greiðslum frá aðildarfélögum í samræmi við sérstakan samning þeirra, sem byggir á ákvörðunum um skiptingu milli aðila hverju sinni í samræmi við afgreiðslu næst liðins aðalfundar.

9. gr.

Rekstrarafgangi / hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang þess, eftir atvikum samkvæmt samningi aðildarfélaganna hverju sinni.

10. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til aðildarfélaganna í samræmi við framlög þeirra til félagsins næstu tvö ár á undan.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi, sem haldinn var 10. júní 2020, en breytt á aðalfundi 1. nóvember 2021 og aftur á auka aðalfundi þann 9. janúar 2025.

Ofangreindu til staðfestu rita formaður FHL og formenn aðildarfélaganna undir samþykktirnar með rafrænum hætti